

From: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA
Sent: Thu, 10 Jul 2025 15:11:20 +0000
To: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA; Guðjón Ármannsson; Landsvirkjun; Steinunn Pálmadóttir; uos@uos.is; Hlín Gísladóttir - UOS; Rangárþing Ytra; skeidgnup@skeidgnup.is
Cc: Steinunn Erla Kolbeinsdóttir; Unnur Lilja Hermannsdóttir
Subject: RE: Frestun kærumála nr. 126-129 og 132-144/2024.
Attachments: erindi til ÚUA í kjölfar endanlegs dóms_undirritað.pdf, erindi vegna mála 132, 133 og 134 2024.pdf

Til leyfisveitenda og leyfishafa virkjunarleyfis og framkvæmdaleyfa vegna Hvammsvirkjunar.

Með bréfi dags. 11. febrúar sl. var frestað meðferð allra kærumála sem varða framkvæmdir við Hvammsvirkjun fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þ.e. meðferð mála nr. 126, 127, 128, 129, 132, 133, 134, 135, 136, 137, 138, 139, 140, 141, 142, 143 og 144/2024, meðan beðið væri endanlegrar úrlausnar dómstóla. Í gær gekk dómur í Hæstarétti sem varðaði m.a. gildi virkjunarleyfis Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Með dómnum var dómur undirréttar látinn óraskaður um ógildingu virkjunarleyfis til framkvæmdarinnar. Þann sama dag bárust úrskurðarnefndinni erindi frá hluta kærenda í téðum málum þar sem gerð er m.a. krafa um að úrskurður gangi um ógildingu framkvæmdaleyfa fyrir virkjuninni. Eru erindi þessi hjálögð.

Það er hér með upplýst að frestun þessara mála hefur verið aflétt. Jafnframt að fundur er í úrskurðarnefndinni um miðja næstu viku, þar sem til stendur að fjalla um mál tengd Hvammsvirkjun og eftir atvikum taka þau til úrskurðar. Hafi leyfisveitendur eða leyfishafi athugasemdir af þessu tilefni er þess óskað þær berist fyrir þann fund og þá eigi síðar en nk. þriðjudag.

Fyrir hönd úrskurðarnefndarinnar,
Arnór Snæbjörnsson, formaður.

Arnór Snæbjörnsson, formaður og forstöðumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 575 8710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

